

Föstudaginn 27. nóvember 1987.

Nr. 311/1987. **Guðmundur Halldórsson**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands

og til réttargæslu

Pálma Lórenssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Tékkalög. Réttarfar. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, hinn 10. nóvember s.á.

Áfrýjandi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða höfuðstól skuldarinnar 390.000,00 krónur, og til þrautavara, að hann verði dæmdur til að greiða höfuðstól skuldarinnar 390.000,00 krónur með dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði svo sem hér segir: 3,5% frá 15. ágúst 1985 til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní s.á., 2,8% frá þeim degi til 1. júlí s.á. og 3% frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda og hefur hann ekki sótt þing.

Ekki var sótt þing af hálfu áfrýjanda í héraði og var honum þó löglega stefnt og ekki upplýst, að atvik þau, sem greind eru í 98. gr. laga nr. 85/1936, eða forföll hafi hindrað þingsókn hans. Áfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973

og koma málsástæður hans ekki til álita í Hæstarétti. Verður því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara.

Mál þetta er höfðað sem tékkamál. Héraðsdómara bar að kanna ex officio hvort „tékkar“ þeir, sem málið fjallar um, fullnægðu formskilyrðum 1. gr. laga nr. 94/1933. Á „tékkum“ þeim, sem hér um ræðir, var ekki getið útgáfustaðar, svo sem skylt er samkvæmt 5. tl. 1. gr. tékkalaga, né heldur tilgreindur staður við nafn útgefanda, sbr. 4. mgr. 2. gr. laganna. Umræddir „tékkar“ fullnægðu þar af leiðandi ekki formskilyrðum 1. gr. tékkalaga og verða kröfur á hendur áfrýjanda ekki byggðar á því, að hann hafi bakað sér tékkaskuldbindingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. tékkalaga með áritun sinni á „tékkana“. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eins og að framan greinir sótti áfrýjandi ekki þing í héraði. Þykir því rétt að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Guðmundur Þ. Halldórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Vík.

Málskostnaður fellur niður fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 14. febrúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 23. og 25. nóv. sl. af Búnaðarbanka Íslands, nnr. 1489-2958, Vík í Mýrdal, Vestur-Skaftafellssýslu, á hendur Pálma Lórens-syni, nnr. 7049-1788, Áshamri 10, Vestmannaeyjum, og Guðmundi Þ. Halldórssyni, nnr. 3070-7656, Brekkugötu 24, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 390.000,00 með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15.08.85 til 01.09.85, með 3,75% dr.vöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 152,00 í bankakostnað og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum og málsástæðum á þessa leið: „Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt 2 ónýtum tékka-ávisunum, báðum útgefnum af stefnda Pálma á hlaupareikning nr. 9859 við útibúið Búnaðarbanka Íslands, Vík í Mýrdal, til handhafa, annarri ábekttri af Pálma kr. 120.000,00, en hinni af einkafirma Pálma, Gestgjafanum, kr. 270.000,00, en báðum ábektum af Guðmundi Þ. Halldórssyni, nr. 450992 kr. 120.000,00, og nr. 451004 kr. 270.000,00, eða samtals kr. 390.000,00. Báðir tékkarnir voru sýndir í greiðslubankanum 15.08. 1985 og þá ekki næg

innistæða og reikningi lokað 20.08. 1985 eins og skráð er á bakhlið tékkanna. Bankakostnaður er kr. 76,00 af hvorri ávísun samkv. gjaldskrá fyrir innlánsstofnanir, kr. 152,00.

Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur og sé því mál þetta höfðað.“
Lagarök: Vísað er til XVII. kafla einkamálalaganna nr. 85/1936 um réttarfar, en einnig til víxillaga nr. 93/1933. *Sönnunargögn*: Fram eru lagðar umstefndar tékkaávísanir, kr. 120.000,00 og kr. 270.000,00, afrit af innheimtubrési lögmans til stefnda Pálma 24.9. 1985 og yfirlýsingu stefnanda ódags. um tilkynningar um ónýtar tékkaávísanir stefnda Pálma.

Er mál þetta var þingfest 5. des. sl. var sótt þing af hálfu stefnda Pálma og málinu frestað að ósk hans til 19. des. sl. til samningar greinargerðar, en ekki var sótt þing af hálfu stefnda Guðmundar. Er málið kom fyrir 19. des. sl. óskaði umboðsmaður stefnda Pálma eftir frekari fresti til samningar greinargerðar en því var hafnað af hálfu stefnanda. Í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 190. gr. 1. nr. 85/1936 sbr. 1. nr. 28 frá 26. maí 1981 kvað dómari upp þann sama dag úrskurð þar sem stefnda Pálma var synjað um frekari frest til samningar greinargerðar í máli þessu. Að þeim úrskurði gengnum krafðist stefnandi dómtöku málsins og var málið þá dómtekið þann sama dag.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, sbr. 1. mgr. 40. gr. tékkalaga.

Málskostnaður ákveðst kr. 43.795,00.

Jón Ragnar Þorsteinsson settur bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Pálmi Lórensson, nnr. 7049-1788, og Guðmundur Þ. Halldórsson, nnr. 3070-7656, greiði in solidum stefnanda Búnaðarbanka Íslands, Vík, nnr. 1489-2958, kr. 390.000,00 með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. ág. 1985 til 1. sept. 1985, með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 152,00 í bankakostnað og kr. 43.795,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.